

Ed.

374. Nefndarálit

[63. mál]

um frv. til l. um gleraugnafræðinga.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur haft frv. til umfjöllunar um nokkurt skeið. Umsögn um frv. barst frá Optikerafélagi Íslands og í henni voru gerðar tillögur um breytingar á frv. Nefndin hefur að nokkru leyti tekið til greina þær athugasemdir. Ingimar Sigurðsson deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu kom á fund nefndarinnar og veitti upplýsingar.

Nefndin telur mjög brýnt að réttindi og skyldur þeirra, sem annast vinnslu og sölu sjónhjálpartækja, lúti lagareglum. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem tillögur eru fluttar um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. febr. 1984.

Davíð Aðalsteinsson,
form., frsm.
Árni Johnsen.

Helgi Seljan,
fundaskr.
Karl St. Guðnason.
Kolbrún Jónsdóttir.

Salome Þorkelsdóttir.
Lárus Jónsson.